

Viðauki B



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Niðurstöður úr samráði Póst- og
fjarskiptastofnunar um frumdrög að
markaðsgreiningu á heildsölumarkaði fyrir
lúkningarhluta leigulína
(Markaður 6)**

3. apríl 2014

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Almennar athugasemdir	4
3	Athugasemdir við sérstakar málsgreinar	12

1 Innangangur

Í þessu skjali er að finna samantekt þeirra svara og athugasemda sem bárust vegna innanlandssamráðs Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um frumdrög markaðsgreiningar á heildsölumarkaði fyrir lúkningarhluta leigulína (markaður 6). Frumdrögin voru lögð fyrir hagsmunaaðila til samráðs á heimasíðu stofnunarinnar, dags. 27. nóvember 2013, og lauk því þann 20. janúar sl.

Eftirfarandi aðilar sendu inn athugasemdir við frumdrögin:

- Samkeppniseftirlitið
- Fjarskipti hf. – hér eftir nefnt Vodafone
- Míla ehf. – hér eftir nefnt Míla

Athugasemdirnar eru flokkaðar saman eftir efni. Leitast hefur verið við að greina allar þær athugasemdir sem máli skiptu og svara þeim. Í lok umfjöllunar um hverja athugasemd er stutt samantekt um afstöðu PFS.

2 Almennar athugasemdir

Samkeppniseftirlitið sagði að athugun stofnunarinnar hefði einskorðast við skilgreiningu á viðkomandi þjónustumarkaði og landfræðilegum markaði og þeim þáttum sem ætla mætti að áhrif hefðu á markaðsstyrk fyrirtækja á viðkomandi markaði.

Í drögunum væri umræddur markaður skilgreindur fyrirfram í samræmi við hlutverk PFS. Samkeppniseftirlitið gerði ekki athugasemdir við þá þætti draganna sem það hefði tekið til skoðunar og teldi að greiningin að þessu leyti væri vel unnin og þjónaði markmiðum sínum.

Rétt væri hins vegar að taka fram að Samkeppniseftirlitið hefði það hlutverk að beita ákvæðum samkeppnislaga á fjarskiptamarkaði. Niðurstaða eftirlitsins um skilgreiningu markaða og stöðu fyrirtækja réðist af atvikum í hverju máli fyrir sig. Í ljósi þessa væri Samkeppniseftirlitið, eðli málsins samkvæmt, ekki bundið af þeirri aðferðarfræði og þeim ályktunum sem fram kæmu í drögunum, þegar það tæki í framtíðinni til meðferðar mál sem vörðuðu umræddan markað.

Afstaða PFS

Athugasemdir Samkeppniseftirlitsins styðja niðurstöður PFS varðandi þau atriði sem fjallað er um í athugasemdunum. Þær gefa því ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar hér.

Míla nefnir að sátt Skiptasamstæðunnar og SE sé mikilvægur hluti af markaðsgreiningu og felur hún í sér umtalsverðar skipulagsbreytingar á Skiptasamstæðunni sem fela það í sér að skýr aðskilnaður er gerður milli grunnkerfa samstæðunnar annars vegar og smásölustarfsemi Símanans hins vegar. Mælt sé fyrir um sjálfstæði Mílu og um verulegan aðskilnað Mílu frá Símanum og öðrum dótturfyrirtækjum Skiptasamstæðunnar. Að mati Mílu hefur sáttin áhrif á útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði og þær kvaðir sem rétt er að setja á. Sáttin komi í veg fyrir að lóðrétt samþætting komi Símanum til góða umfram önnur fyrirtæki á markaði. Með skipulagsbreytingunum og stjórnunarlegum og rekstrarlegum aðskilnaði er komið í veg fyrir lóðréttu samþættingu. Míla dregur því í efa að sterk staða annars fyrirtækisins yfirfærir á hitt eins og PFS heldur fram í markaðsgreiningunni.

Afstaða PFS

Fyrirtækin voru hluti sömu fyrirtækjasamstæðunnar áður en framangreind sátt var gerð þann 8. mars 2013 og eru það enn í dag. Fyrirtækin eru því ein efnahagsleg eining í skilningi samkeppnisréttar. Það breyttist ekki með sáttinni. Sáttin gerði ráð fyrir að þættir hennar kæmu til framkvæmda á næstu 6 til 12 mánuðum frá gildistöku hennar. Nú hefur komið í ljós að þau tímamörk halda ekki varðandi nokkur mikilvæg

atriði, t.d. uppbyggingu Mílu á eigin MPLS kerfi sem ljúka átti þann 8. mars sl., auk þess sem Síminn virðist hafa getað nýtt sér heildsöluskipta sem aðeins voru hugsaðir fyrir aðgangssleið 1 fyrir aðra þjónustu án vitneskju Mílu, mörgum mánuðum eftir að yfirfærsla xDSL kerfanna átti að vera lokið í september 2013. Aðskilnaður kerfa samstæðunnar virðist því ekki vera kominn til raunverulegra framkvæmda og er Míla m.a. ennþá háð Símanum hvað varðar framangreint MPLS kerfi þrátt fyrir að tímafrestur Mílu til að byggja upp slíkt eigið kerfi sé liðinn. Þá hafa markaðsaðilar, m.a. Vodafone, lýst því yfir að sáttin hafi ekki náð tilgangi sínum og að gera þurfi verulegar breytingar á henni svo hún nái tilgangi sínum. Ofangreind atriði benda sterklega til þess að umrædd sátt hafi ekki verið framkvæmd með þeim hætti sem samkomulag var um. Nokkur tími verður einnig að líða frá því að sáttin er komin að fullu til framkvæmda áður en PFS getur tekið afstöðu til þess að hve miklu leyti sáttin hefur áhrif á viðkomandi markaði. Raunveruleg áhrif hennar eru því alls ekki komin í ljós á þessu stigi, þó vissulega hafi sáttin verið skref í rétta átt að mati PFS, hefði hún verið framkvæmd með réttum hætti. Ef vel tekst til við framkvæmd sáttarinnar kemur til álita af hálfu PFS að flýta endurupptöku greiningar á viðkomandi markaði þyki ástæða til þess.

Þó svo að samstæðan hafi undirgengist framangreinda sátt lítur PFS ennþá á samstæðuna sem eina efnislega einingu í skilningi samkeppnisréttar eins og að ofan greinir. Eignartengsl og fjárhagsleg tengsl félaganna eru ótvíræð, þótt sáttinni hafi verið ætlað að draga úr stjórnunarlegum tengslum þeirra.

Þó svo sáttin rétt framkvæmd hafi átt að minnka lóðréttu samþættingu innan samstæðunnar er ljóst að slík samþætting hverfur ekki með slíkri sátt. Lóðrétt samþætting er þegar sami aðili starfar á fleiri en einu framleiðslu- og/eða sölustigi, t.d. framleiðir vöru, selur öðrum aðilum í heildsölu og selur einnig sjálfur í smásölu. Ljóst er að samstæðan starfar ennþá bæði á smásölu- og heildsölustigi, og þrátt fyrir sáttina er alls ekki útilokað að Míla og Síminn geti í sitthvoru lagi hindrað samkeppni á grundvelli sterkrar stöðu sinnar á heildsölu- og smásölumarkaði. Einnig geta félögin skv. sáttinni ennþá notað sömu stoðkerfi og samnýtt ýmsa stoðþjónustu og kerfi. Fyrirtækin mynda því ennþá lóðrétt samþætta fyrirtækjasamstæðu og er Síminn stærsti viðskiptavinur Mílu (yfir 70% af veltu Mílu).

PFS telur þrátt fyrir ofangreint að sáttin hafi að nokkru leyti einfaldað greininguna og gert mörk milli markaða skýrari en áður. Að mati PFS hefur hún þó ekki valdið slíkum breytingum að þörf sé á að breyta meginniðurstöðu frumgreiningar PFS efnislega. Þrátt fyrir að PFS telji gerð sáttarinnar jákvætt skref í að tryggja samkeppni á fjarskiptamarkaði þá getur PFS eins og áður segir ekki tekið tillit til sáttarinnar á þessu stigi í greiningum sínum fyrr en hún er komin til fullrar framkvæmdar og orðið til þeirra breytinga á viðkomandi mörkuðum að staða samstæðunnar hafi breyst til framtíðar þó sáttin falli úr gildi.

Nýjustu fréttir um fyrirhugaðar skipulagsbreytingar samstæðunnar þar sem dótturfyrirtækið Síminn sameinast móðurfyrirtækinu Skiptum, sem svo breytir um nafn og verður Síminn, leiða til þess að Míla verður dótturfyrirtæki Símans. Ekki verður séð annað en að sjálfstæði Mílu verði skert með þessari aðgerð að öðru óbreyttu. Full ástæða er því fyrir varfærni af hálfu PFS þegar litið er til framtíðarmöguleika samstæðunnar til aðgangshindrana að viðkomandi markaði.

Ennfremur er vísað til ítarlegs kafla 6.4 í frumdrögunum um ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2013.

Míla tekur fram að líftími síðustu greiningar hafi verið allt of langur og ekki í samræmi við kröfur PFS til sjálfs sín um að greina beri markaði fremur ört, eða á 2ja til 3ja ára fresti. Míla telur að ekki verði hjá því litið að uppbygging GR fyrir leigulínur á höfuðborgarsvæðinu, staðbundin uppbygging í þéttbýlisstöðum annars staðar á landinu, sem og áhrif 4G farneta hafi áhrif á ört breytilegum markaði.

Afstaða PFS

PFS er sammála því að endurskoðun viðkomandi markaða hafi tekið of langan tíma, en þar er ekki eingöngu við PFS að sakast þar sem langan tíma tók hjá þeim fyrirtækjum sem útnefnd voru með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi mörkuðum, þ.e. Mílu og Símanum, að uppfylla kvaðir sem lagðar voru á þau í fyrri greiningum, þ.m.t. að skila PFS kostnaðargreiningum og uppfærðum viðmiðunartilboðum til yfirferðar og samþykktar. Ljóst er þó að niðurstaða greiningar á viðkomandi markaði sem framkvæmd hefði verið t.d. á árunum 2010-2011 hefði ekki verið önnur en sú sem hér er boðuð hvað varðar útnefningu Mílu með umtalsverðan markaðsstyrk. PFS stefnir að örari endurskoðun á greiningu viðkomandi markaða hér eftir.

Hvað varðar uppbyggingu fjarskiptaneta GR og annarra staðbundinna fjarskiptaneta vísar PFS til þess að Míla hefur ennþá gríðarlega háa markaðshlutdeild á umræddum markaði eða 65-70% miðað við veltu. PFS hefur eins og fram kemur í kafla 4 í viðauka A um skilgreiningu á landfræðilegum markaði ekki talið ástæðu til að skipta markaðinum landfræðilega. Vísar er til þeirrar umfjöllunar og nánari umfjöllunar um það atriði hér síðar í þessu skjali.

Varðandi uppbyggingu 4G farnetskerfa tekur PFS það ennfremur fram að uppbygging slíkra kerfa er á byrjunarstigi. Farnet sem flutningsmiðill er auk þess ekki staðgönguvara við koparheimtaugar, ljósleiðra eða föst örbylgjusambönd. PFS mun þó fylgjast með þróun gagnaflutnings yfir 3G og 4G farnet með hliðsjón af mögulegri staðgöngu við bitastraumsþjónustu á markaði 5.

Míla telur mikilvægt að gætt sé að hvata til fjárfestingar og framþróunar á þessum mörkuðum og ekki gengið lengra í álagningu kvaða en nauðsynlegt er. Samkeppni sé nú frá GR, öðrum staðbundnum ljósleiðaranetum og fjórðu kynslóð farsímaneta. Þau úrræði sem PFS telur að beita megi ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná markmiðum laga og vísar Míla til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, ákvæða fjarskiptalaga um kvaðir með hliðsjón af upphaflegri fjárfestingu eiganda og áhættu sem tekin er.

Sem dæmi um að Míla telji of langt gengið er kvöð um hjávirkan (e. passive) aðgang að rörum og heimtaugum. Míla telur óþarft að mæla fyrir um aðgang að rörum þegar mælt er fyrir aðgang að leigulínum. Allar kvaðir valda kostnaði og er það í samræmi við meðalhóf að velja ekki fleiri kvaðir en þörf er á til að ná tilteknu markmiði.

Þá telur Míla að kvaðir hafi verið verulega þyngdar frá núgildandi markaðsgreiningu. Míla telur greiningu takmarkaða á stöðu heildsölu- og smásölumarkaða og rökstuðning skorti fyrir því að þyngja kvaðir. Markaðshlutdeild Mílu fari minnkandi og smásöluhlutdeild Símans einnig, enda hafi PFS komist að þeirri niðurstöðu ekki sé þörf á að útnefna aðila með umtalsverðan markaðsstyrk á fyrrum markaði 7 er fjallar um lágmarksframboð á leigulínum í smásölu.

Þá segir Míla ljóst að fyrirtækið hafi tekist viðamiklar skyldur á hendur samkvæmt sátt samstæðunnar við Samkeppniseftirlitið og það stangist á við meðalhófsreglu að leggja meira íþyngjandi kvaðir á fyrirtækið.

Míla leggur áherslu á að regluverkið sé fyrirsjáanlegt en ekki síbreytilegt og réttaröryggi tryggt, til að fyrirtæki séu reiðubúin til að leggja út í fjárfestingar á markaði. Ákvarðanir þurfi að vera skýrar og framfylgjanlegar án þess að þær séu verulega íþyngjandi eða til þess fallnar að valda ágreiningi og deilum. Óþarflega íþyngjandi ákvarðanir auka kostnað og dragi úr hvata til fjárfestinga sem skaði fjarskiptamarkaðinn í heild.

Afstaða PFS

PFS leitast við að haga kvöðum sínum á markaði 6 með þeim hætti að þær efli virka samkeppni á sama tíma og þær stuðli að fjárfestingu og telur kvaðir sem stofnunin leggur til eðlilegar í ljósi stöðu Mílu á viðkomandi markaði. Að mati PFS eru kvaðir þær sem stofnunin hyggst leggja á á viðkomandi markaði byggðar á þeim samkeppnisvandamálum sem greind hafa verið og í samræmi við meðalhóf. Vísast hér til kafla 6.6 í viðauka A um mat á áhrifum kvaðanna, en þær eru að mestu í samræmi við kvaðir þær sem lagðar voru á Mílu á árinu 2007. Þróun viðkomandi markaðar frá árinu 2007 gefur ekki tilefni til að slaka á kvöðum að þessu sinni. PFS telur af og frá að umræddar kvaðir eigi að koma í veg fyrir áframhaldandi fjárfestingar Mílu í

fjarskiptanetum enda er gert ráð fyrir kostnaðargreindu endurgjaldi til handa Mílu fyrir aðganginn, að teknu tilliti til hæfilegrar arðsemi af fjárfestingunni.

Kvöð um að veita aðgang að rörum er einmitt til þess fallin að samkeppnisaðilar Mílu sjái mögulegan hag í því að stofna til fjárfestingar í fjarskiptanetum. PFS telur þennan anga aðgangskvaðarinnar mjög mikilvægan, ekki síst með tilliti til uppbyggingar NGA neta. Þá hafa komið upp vandamál varðandi slíkar aðgangsbeiðnir að rörum Mílu og því full ástæða til að taka af allan vafa um slíkan aðgang hér. Það getur verið mjög kostnaðarsamt fyrir netrekendur á leigulínumarkaði að byggja upp þá miklu aðstöðu sem nauðsynleg er til að bjóða fullnægjandi net. Slíkur kostnaður er í mörgum tilvikum óafturkræfur. Til að dreifa uppbyggingarkostnaði milli hlutaðeigandi fyrirtækja er mikilvægt að unnt sé að deila kostnaði við jarðvegs- og lagnaframkvæmdir. Það er því mikilvægt að aðilar geti fengið aðgang að rörum Mílu sem ekki eru fullnýtt til að setja þar um nýja tengingu (kopar eða ljósleiðara). Míla fær að sjálfsögðu kostnaðargreint endurgjald fyrir slíkan aðgang og þannig fæst betri nýting á fjárfestingar Mílu, auk þess sem slík samnýting er þjóðhagslega hagkvæm. PFS er algjörlega ósammála Mílu varðandi það að greining PFS á viðkomandi heildsölumarkaði sér takmörkuð og vísar til ítarlegrar umfjöllunar um þetta efni í köflum 3 og 5 í viðauka A. PFS sá ekki ástæðu til að greina tengda smásölumarkaði ítarlega.

Hvað varðar áhrif sáttarinnar vísast til fyrra svars um sama atriði.

PFS er sammála Mílu um nauðsyn fyrirsjáanleika regluverksins og bendir m.a. umfjöllun í kafla 6.5.5 í frumdrögunum um eftirlit með gjaldskrá að stofnunin leggur áherslu á að beitt sé aðferðum í ákvörðun gjaldskrár sem skila niðurstöðu sem er í samræmi við markmið framkvæmdastjórnar ESB um að stuðla að samkeppni og bæta fjárfestingaumhverfi á fjarskiptamarkaði. Reglubundin endurskoðun á kostnaðargreiningu Mílu ásamt skýrum forsendum á hverju kostnaðargreiningin byggir er ætlað að tryggja jafnvægi við endurheimt kostnaðar og stuðla að skýrri, gagnsæri og fyrirsjáanlegri skipan, til að efla samkeppni, nýfjárfestingu og nýsköpun. Fyrirhuguð niðurstaða þessarar greiningar er mjög hliðstæð greiningunni frá 2007. Þar sem markaðurinn hefur lítið breyst er ekki hægt að segja annað en að hin fyrirhugaða niðurstaða sé fyrirsjáanleg. PFS fær með engu móti séð að réttaröryggi sé með nokkrum hætti skert með þessari fyrirsjáanlegu niðurstöðu.

Míla gerir athugasemd um tímafresti og óskar samræmingar við fresti eins og þeir eru settir fram í aukasamráði á markaði 4 og 5. Einnig telur Míla að PFS verði að skýra hvað er átt við að Míla verði að tilkynna opnun skurða með árs fyrirvara. Ekki mega tefja framboð vara og markaðssetningu svo Míla geti ekki keppt á markaði við aðila sem ekki eru bundnir slíkum kvöðum.

Afstaða PFS

PFS tekur undir með Mílu að samræmi þurfi að vera milli hliðstæðra fresta á markaði 4 og markaði 6 og mun yfirfara frumdrögin með það í huga og stytta tilkynningarfresti varðandi framkvæmdir úr 1 ári í 6 mánuði.

Míla telur PFS skauta hratt yfir umfjöllun um landfræðilega skilgreiningu viðkomandi markaðar og er ósammála þeirri niðurstöðu PFS að heildsölumarkaður fyrir lúkningarhluta leigulína sé landið allt. Míla telur samkeppnisaðstæður mismunandi eftir því hvort um er að ræða höfuðborgarsvæðið og raunar önnur þéttbýlissvæði á landinu. Einfalt sé að skilgreina höfuðborgarsvæðið þar sem Míla telur GR hafa umtalsverðan markaðsstyrk. Höfuðborgarsvæðið sé vel afmarkað og skilgreint og hefur verið í mikilli uppbyggingu af hálfu GR undanfarin ár og að fullu uppbyggt í lok þessa árs.

Að mati Mílu skal horfa á Reykjavíkursvæðið sem sérstakan markað, þar er mesta þéttbýlið og flestu fyrirtækin og þar búa um 80% landsmanna. Míla telur það ágalla á greiningunni að slík skoðun hafi ekki farið fram og auðvelt sé að afla gagna. Míla dregur þá ályktun út frá tölum birtum af PFS að GR hafi um 60–65% hlutdeild miðað við tekjur á Höfuðborgarsvæðinu.

Í ljósi þess að PFS telji eftirspurn eftir ljósleiðara fara vaxandi og muni ná yfirhöndinni umfram eftirspurn eftir koparlínunum telur Míla það vera ámælisvert að PFS hafi ekki tekið til greina að aðgangsnét Mílu er að miklu leyti koparnet og Míla þurfi að fara í mikla uppbyggingu til að anna þeirri eftirspurn.

Míla telur það hafa litla þýðingu að verð sé það sama yfir landið allt þegar verð Mílu eru bundin kvöðum og PFS verði að rannsaka leigulínuverð annarra, svo sem verð GR á Höfuðborgarsvæðinu.

Afstaða PFS

Staða Mílu á samkeppnissvæðum er mjög sterk eftir sem áður og yfirburðastaða Mílu á landsvísu er óumdeild að mati PFS. Ekki er fyrirsjáanlegt að verulegar breytingar verði þar á á líftíma greiningarinnar.

Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem GR er eini keppninautur Mílu á heimtaugamarkaði, mun aðgangsnét GR ekki ná að öllu leyti til hagkvæmustu markaðssvæðanna á næstu árum. Þó áætlanir GR feli í sér að ná til 97-98% heimila Reykjavíkur í árslok 2014 og til nánast allra heimila þar í árslok 2015, mun fyrirtækið í flestum tilfellum í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu eingöngu leggja ljósleiðaraheimtaugar sínar þar sem ný hverfi eru byggð frá grunni (e. Greenfield). Í flestum eldri hverfum nágrannasveitarfélaga Reykjavíkur mun GR ekki leggja heimtaugar sínar í nánustu

framtíð, nema þar sem framkvæmdir verða við aðra endurnýjun veitulagna. Því verður Míla eina fyrirtækið á höfuðborgarsvæðinu með heilsteypt heimtauganet. Kostnaðartölur hafa jafnframt sýnt fram á að víða á landsbyggðinni eru sambærileg svæði hvað hagkvæmni varðar og á við höfuðborgarsvæðinu, t.d. Akureyri. Ekki er því rökrétt að skipta markaðinum landfræðilega í höfuðborgarsvæðið annars vegar og landsbyggðina hins vegar á grundvelli útbreiðslu aðgangsnets GR. Á EES svæðinu hefur umræddur leigulínumarkaður nánast hvergi verið skilgreindur á annan veg en að hann nái yfir landið allt.

PFS ítrekar að höfuðborgarsvæðið er ekki einsleitt í þessum skilningi og ekki er hægt að segja að samkeppnisskilyrði séu þar alls staðar samkynja. Að mati PFS verður svo ekki á líftíma greiningarinnar, því opinberar áætlanir GR ná t.d. ekki til Kópavogs, Garðabæjar eða Hafnarfjarðar, nema að takmörkuðu leyti í nýjustu hverfunum.

PFS ítrekar það sem fram kemur í frumdrögunum að þegar markaðir eru skilgreindir landfræðilega er ekki nauðsynlegt að samkeppnisskilyrði fjarskiptafyrirtækja séu nákvæmlega þau sömu. Nægilegt er að þau séu svipuð eða nægilega lík og því eru það aðeins svæði þar sem samkeppnisskilyrði eru raunverulega „ólík“ sem geta ekki talist mynda sama landfræðilega markaðinn. Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir og/eða neytendavenjur, fjöldi þjónustuaðila, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á viðkomandi svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur á milli svæða. Þá má skoða hvort munur sé á markaðssetningu og/eða gæðum þjónustu á milli landssvæða.

Að öllu ofangreindu virtu taldi PFS að ekki væri efni til að skipta hinum landfræðilega markaði. Skiptir þá mestu máli að mati PFS að ekki er verulegur verðmunur á milli svæða, ef hann er þá einhver, hvorki innan Mílu né á milli Mílu og annarra netrekenda. Að auki má sjá af gagnasöfnun PFS að t.d. í útleigu svarts ljósleiðara í heildsölu lúkningarhluta leigulína er Míla síst eftirbátur annarra netrekenda á viðkomandi markaði sem bendir til að Míla hafi umtalsverðan ljósleiðaraforða yfir að ráða og er staða fyrirtækisins í þeirri tækni slík að ekki er hægt að segja að fyrirtækið sé að sitja eftir í koparneti meðan keppinautar byggi á ljósleiðaratengingum.

Þá má almennt segja að þó ekki séu efni til að skipta hinum landfræðilega markaði getur sú staða komið upp að samkeppnisvandamál séu mismunandi milli ólíkra svæða, sem áhrif getur haft á útfærslu kvaða. Slíkt misræmi er þó ekki nægt til að réttlæta landfræðilega skiptingu viðkomandi markaðar.

Þessu til viðbótar vill PFS benda á að í öðrum löndum EES svæðisins hafa 29 af 31 löndum skilgreint viðkomandi markað sem einn landfræðilegan markað. Undantekningarnar eru Finnland, en símkerfi Finnlands byggðist á sögulegum

forsendum upp af svæðisbundnum netrekendum sem hver er með umtalsverðan styrk á sínu starfssvæði og í Bretlandi af hliðstæðum ástæðum. Öll önnur lönd á EES svæðinu hafa skilgreint viðkomandi markað sem einn landfræðilegan markað.

Vodafone gerir ekki athugasemd við þá fyrirætlan PFS að skilgreina Mílu sem félag með umtalsverðan markaðsstyrk. Vodafone telur fyrirhugaðar kvaðir vera eðlilegar og nauðsynlegar til að stuðla að virkri samkeppni á viðkomandi markaði.

Vodafone fagnar þeirri nýjung sem PFS fyrirhugar varðandi samnýtingu á fyrirhuguðum jarðvegs- og lagnaframkvæmdum og telur það geta nýst fjarskiptafélögum á viðkomandi markaði sérstaklega vel.

Afstaða PFS

Athugasemdir Vodafone styðja niðurstöður PFS varðandi þau atriði sem fjallað er um í athugasemdunum. Þær gefa því ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar hér.

3 Athugasemdir við sérstakar málsgreinar

Míla nefnir vegna greinar 30 í frumdrögunum að ekki sé rétt að bera saman aðstæður á mörkuðum 4 og 5 annars vegar og markaði 6 hins vegar þar sem leigulínur eru mjög fáar miðað við heimtaugar. Búnaður sem settur er á leigulínu tilheyrir því einu sambandi og sitja allir við sama borð þar sem ekki er hægt að samnýta búnað með öðrum.

Afstaða PFS

Í þessari málsgrein er PFS að benda á mismun heimtaugamarkaðar, bitastraumsmarkaðar og lúkningarhluta leigulínu og nefnir einmitt að leigulína tengir saman fasta og tilgreinda staði með skilgreindri afkastagetu og er ólík bæði heimtaugaleigu og bitastraumsaðgangi hvað það varðar.

Vodafone gerir athugasemd við málsgrein 49 í frumdrögunum vegna e-liðar um SHDSL stafrænan bitastraumsaðgang og telur að í ljósi þess að SHDSL sé bitastraumsaðgangur eigi einnig að birta samskonar upplýsingar um aðgangssleiðir 1–3 í bitastraumsaðgangi.

Afstaða PFS

Bitastraumsaðgangur tilheyrir sérstökum markaði (markaður 5) og er ítarlega fjallað um þann markað og tilheyrandi kvaðir í sérstakri markaðsgreiningu á honum. Sá markaður hefur tvívegis farið í innanlandssamráð á síðustu mánuðum og er þess vænst að sá markaður verði tilkynntur til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) með formlegum hætti í mars 2014. SHDSL er sérstakt tilfelli þar sem afkastageta slíkra tenginga er samhverf með 2Mbps bitahraða. Vegna þeirra eiginleika er SHDSL staðgönguvara fyrir 2Mbps leigulínu, en aðgangssleiðir 1–3 í bitastraumspjónustu hafa ekki slíka beina staðgöngu. Því telur PFS að aðgangssleiðir 1–3 tilheyri ekki markaði fyrir lúkningarhluta leigulína.

Vodafone nefnir vegna málsgreinar 65 í frumdrögunum að nauðsynlegt sé að telja WDM, CWDM, DWDM, MPLS-TP og GPON til lúkningarmarkaðar leigulína þar sem framangreindar þjónustur eru þegar í boði á þeim markaði.

Afstaða PFS

GPON fellur undir framangreindan markað 5 með öðrum ósamhverfum stafrænum notendalínum, svo sem ADSL og VDSL. Um bylgjulengdardeilingu (WDM, CWDM og DWDM) er fjallað í málsgrein 36 í frumdrögunum þar sem fjallað er um fyrri greiningu á viðkomandi markaði og aftur í málsgreinum 54, 55 og 56 þar sem fram

kemur að þó slík tækni sé algengust í stofnlínunetum þekkist hún einnig í lúkningarhluta leigulína. Það að upptalning í málsgrein 65 nefni ekki bylgjulengdardeilingu er ónákvæmni sem verður leiðrétt í ákvörðunardrögum.

Míla nefnir vegna málsgreinar 112 að þar gæti misskilnings þar sem leigulínur á M6 samanstandi af flutningslagi sem geta verið koparheimtaugar, ljósleiðarar eða örbylgja og búnaði sem settur er á línuna. Koparheimtaugar tilheyra markaði 11 og örbylgjur, þ.e. notendaörbylgjur og eru undir sérstökum kvöðum. Ef PFS á við grunnlagið er PFS að blanda saman M6 og M11. Leigulínur kaupa heimtaugar á sama hátt og aðrir aðilar og sitja því við sama borð og aðrir. Míla leggur ekki heimtaugar sérstaklega fyrir leigulínur heldur grunnnet sem er undir kvöðum á M11. Míla telur að ljósleiðaralagnir ættu að vera sérmarkaður þar sem GR er augljóslega markaðsráðandi með yfir 20 þús. leigðar línur.

Afstaða PFS

Ekki einungis er Skiptasamstæðan lóðrétt samþætt frá grunnneti að þjónustu í smásölu, heldur er Míla sjálf einnig lóðrétt samþætt fyrirtæki innan eigin starfssemi. Í þessari málsgrein er PFS að minna á að yfirráð Mílu á grunnnetinu (M11 samkvæmt eldri tölusetningu markaða, M4 samkvæmt hinni nýju tölusetningu) skapar fyrirtækinu yfirráð yfir aðstöðu sem erfitt er að koma sér upp, þegar kemur að leigulínumarkaði sem nýtir þetta grunnnet. Heimtaugamarkaður er samkvæmt hinni nýju skilgreiningu tæknilega óháður og í frumdrögum sem Míla hefur fengið til samráðs og gert athugasemdir við á þeim vettvangi eru heimtaugar úr ljósleiðararáðum taldar til M4 sem og koparheimtaugar. Búast má við því að endanleg ákvörðun á M4 líti dagsins ljós vorið 2014.

Míla gerir athugasemd við málsgrein 116 og telur ekki verulegan kostnað hljótast af staðbundinni þjónustu, t.d. á höfuðborgarsvæðinu sem Míla telur sérstakan landfræðilegan markað, enda hafi margir aðilar byggt upp þjónustu á því smásölusvæði. Kaupi slíkir aðilar aðeins hýsingu og heimtaugar en setja sjálfir upp búnað til að veita þjónustuna.

Afstaða PFS

PFS sér ekki ástæðu til að breyta umfjöllun sinni í 116 gr. frumdraganna vegna athugasemda Mílu. Auk þess styrkja þessar athugasemdir þá afstöðu PFS að heildsölukvaðir séu nauðsynlegar til að fjölbreytt smásölupjónusta geti þrífist.

Um landfræðilega skiptingu markaðarins er fjallað á öðrum stað í þessu skjali.

Míla gerir athugasemd við málsgrein 129 í kafla um stærðarhagkvæmni þar sem Míla telur vart hægt að tala um stærðarhagkvæmni þegar svo lágt hlutfall heimtauga sé nýtt undir leigulínur, auk þess sem sama verð, óháð landfræðilegri staðsetningu, leiðir til þess að leiga á landsbyggðinni sé rekin með tapi.

Afstaða PFS

Sú staðreynd að Míla hafi 65-70% markaðshlutdeild á viðkomandi markaði m.v. tekjur og yfir 80% miðað við fjölda tenginga, auk umtalsverðs markaðsstyrks á tengdum mörkuðum, hlýtur eðli málsins samkvæmt að þýða að Míla er líklegast til að njóta stærðarhagkvæmni á viðkomandi markaði. Á sama tíma er næst stærsti aðilinn einungis með 1/3 af hlutdeild Mílu m.v. tekjur. Yfirburðir Mílu í stærð í bæði tekjum og fjölda eru slíkir að ekki verður annað ályktað en að Míla hafi alla burði til að njóta stærðarhagkvæmni umfram aðra aðila á viðkomandi markaði.

Míla gerir athugasemd við málsgrein 177 í frumdrögunum í kafla um aðgengi viðskiptavina að upplýsingum og segir að PFS hafi það vald samkvæmt fjarskiptalögum að afla upplýsinga þó þær séu ekki birtar opinberlega.

Afstaða PFS

Hér er um misskilning að ræða hjá Mílu, en eins og fyrirsögn viðkomandi kafla segir þá er verið að fjalla um aðgengi viðskiptavina að upplýsingum en ekki aðgengi PFS að upplýsingum eins og Míla gengur út frá í sinni gagnrýni. Í texta greinarinnar segir að aðgengi viðskiptavina að upplýsingum um verð á markaði sé ekki eins og best verði á kosið, því aðrir aðilar en Míla hafi ekki kvöð um birtingu verðskráa og ef ekki væri fyrir þær kvaðir væri gagnsæi á markaði lítið.

Míla gerir athugasemd við málsgrein 209 í frumdrögunum í kafla um áhrif gildandi kvaða og segir fullyrðingu PFS um að verð hefði orðið mun hærra ef ekki hefði verið fyrir eftirlit óröktstudda. Míla bendir á að línun í aðgangsneti hefur fækkað og ljóst að verð hefðu hækkað enn meira en raunin varð hefði þessum línun fækkað enn frekar, en samkeppni á þessum markaði er í formi aðgangs að xDSL þjónustu, ljóslínun og sambærilegum leigulínun frá öðrum aðilum.

Afstaða PFS

Fullyrðing PFS að telja megí víst að verð væru hærri án kvaða PFS frá 2007 byggir m.a. á höfnun PFS á beiðnum Mílu um verðhækkanir á árinu 2011 og höfnun PFS á að verðskrár væru framreiknaðar í samræmi við vísitöluhækkanir, sbr. ákv. PFS nr. 14/2011, en vísað er í þá ákvörðun í þessari málsgrein, og ákvörðun 34/2011. PFS er sammála Mílu um að hærri verð hefðu að öllum líkindum fækkað leigulínun í notkun enn frekar.

Míla gerir athugasemd við málsgrein 210 í frumdrögunum þar sem PFS segir að yfirfærsla stórs hluta starfseminnar frá kopar yfir á ljós sé helsta breytingin frá fyrri markaðsgreiningu. Míla er sammála þessu og telur því rangt að greiningin sé unnin út frá kopar. Ljóst er að GR og Tengir hafi náð verulegum árangri á sínum markaðssvæðum á meðan Míla sitji eftir með óhagkvæmustu staðina og verulega íþyngjandi kvaðir sem gangi gegn meðalhófi og Míla telji draga úr fjárfestingarhvata sem fjarskiptamarkaðurinn muni bera skaða af.

Afstaða PFS

Fullyrðing Mílu um að markaðsgreiningin sé unnin út frá kopar er röng enda markaðurinn skilgreindur sem tæknilega óháður. Hlutdeild Mílu í t.d. leigu á svörtum ljósþráðum í heildsölu á lúkningarhluta leigulínumarkaðar, hvort sem er í fjölda sambanda eða tekjum, bendir einnig til þess að félagið sé síst eftirbátur í þróun markaðarins frá koparsamböndum yfir í sambönd veitt yfir ljósleiðara á viðkomandi markaði og félagið hafi yfir umtalsverðum forða ljósleiðaratenginga að ráða í heimtauganetum.

Míla gerir athugasemd við grein 224 um nauðsyn eftirlits með gjaldskrá í frumdrögunum og mótmælir henni sem algjörlega órökstuddri. Míla gerir athugasemd við grein 225 í frumdrögunum þar sem Míla furðar sig á að PFS telji breytingar á verðskrá í samræmi við ákvörðun PFS sé talið vandamál sem grípa þurfi inn í og leysa með ákvörðun og telur Míla það benda til að PFS hafi ekki um auðugan garð að gresja hvað varðar vísan til raunverulegra samkeppnisvandamála á markaði.

Afstaða PFS

Verðákvæðanir eru inngríp á markaðinum enda byggðar á kvöðum um eftirlit með gjaldskrá fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk. Verðkvaðir eru rökstuddar í viðkomandi markaðsgreiningu og byggja á stöðu viðkomandi aðila á markaði og ríkjandi aðgangshindrana. Verðkvöðin og ákvæðanir sem á henni byggja eru afleiðingar undirliggjandi samkeppnisvandamáls sem markaðsgreining PFS hefur leitt í ljós. PFS komst að þeirri niðurstöðu í markaðsgreiningu sinni á markaði fyrir lúkningarhluta leigulína á árinu 2007 að Míla (áður Síminn) hefði ein og sér þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni og geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppninauta, viðskiptavina og neytenda. Einnig kom fram að samkeppni á íslenskum leigulínumarkaði væri ekki nægjanlega virk.

Megin niðurstaða þeirrar markaðsgreiningar var að viðkomandi markaður einkenndist af sterkum yfirburðum Mílu (áður Símans) sem fyrrum sérleyfishafi sem verið hafi með einokunaraðstöðu í fjarskiptum hér á landi til ársins 1998. Markaðsgreiningin leiddi einnig í ljós að hindranir á leigulínumarkaði væru verulegar og skortur væri á mögulegri samkeppni. Markaðurinn einkenndist jafnframt af lóðréttri samþættingu

Skiptasamstæðunnar sem þjónaði öllum þáttum hans frá heildsölu til smásölustigs. Að mati PFS hefur þetta ekki breyst frá árinu 2007.

Kostnaðargreiningar sem verðákvarðanir byggja á hafa reynst flóknar og tímafrekar í framkvæmd. PFS hefur í mörgum tilfellum þurft að breyta niðurstöðum Mílu vegna útreiknings verða, sbr. t.d. ákvarðanir stofnunarinnar nr. 14/2011 og 34/2011.

Vodafone lýsir sig sammála PFS í málsgrein 230 í frumdrögunum að ekki sé horft til sáttar Skipta við Samkeppniseftirlitið sem ástæðu til að aflétta kvöðum af Skiptasamstæðunni.

Afstaða PFS

PFS telur mikilvægt að sátt Skipta og Samkeppniseftirlitsins hafi verið í fullri framkvæmd um þó nokkurt skeið áður en hægt sé að taka tillit til virkni hennar og breytinga sem mögulega verða á viðkomandi mörkuðum. Afstaða Vodafone styrkir þessa afstöðu PFS.

Vodafone gerir athugasemd við málsgrein 232 í frumdrögunum og fellst ekki á þá ákvörðun PFS að fella kvaðir af IP-MPLS þjónustu Símanns. Að mati Vodafone er Síminn með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir grunnkerfi IP-MPLS þjónustu þó Síminn starfi ekki á heildsölumarkaði fyrir leigulínur.

Afstaða PFS

Eins og Vodafone nefnir í athugasemd sinni starfar Síminn ekki á heildsölumarkaði fyrir leigulínur. IP-MPLS kerfi Símanns er grunnkerfi Símanns fyrir ýmsa eigin þjónustu og aðgangur að því er ekki í boði á heildsölustigi, þó kerfið sinni gagnaflutningum fyrir fjölbreytt úrval smásöluþjónustu Símanns á bæði fyrirtækja- og einstaklingsmörkuðum. Þar sem þetta kerfi Símanns er ekki á heildsölustigi fellur það ekki undir viðkomandi markað og verður ekki greint í markaðsgreiningu né verða lagðar á það kvaðir innan markaðar fyrir lúkningu leigulína í heildsölu. Samkvæmt sátt SE og Skipta mun Míla taka upp sambærilegt MPLS-TP flutningsnet innan skilgreinds frests. Mun það kerfi verða heildsöluvara innan Mílu.

Míla nefnir vegna greinar 237 í frumdrögunum í kafla um kvöð um að veita aðgang að fyrirtækið telji það á misskilningi byggt að það kosti verulegar fjárhæðir að byggja upp lúkningarhluta leigulína. Það sé rangt að mati Mílu, nema PFS einskorði sig við fyrirtæki sem selja aðgengi að flutningsmiðlum en ekki þjónustu. Allir undirþættir leigulína Mílu eru þegar undir kvöðum PFS, svo sem aðstöðuleiga og heimtaugar svo það eina sem fjarskiptafyrirtæki þarf er endabúnaður sem kostar 100 – 300 þúsund

hver. Reynslan sýnir, að mati Mílu, að mörg fjarskiptafyrirtæki hafa byggt upp þessar tengingar til eigin nota eða viðskiptavina sinna og það sé ekki hindrum að komast inn á markað fyrir leigulínur sem byggja á grunneti Mílu.

Afstaða PFS

Í viðkomandi málsgrein er PFS málsgrein að fjalla um uppbyggingu landsdekkandi kerfis og stendur við þá fullyrðingu að slíkt feli í sér mikinn fjárfestingarkostnað.

Vodafone gerir athugasemd við málsgrein 245 í frumdrögunum og óskar nánari útskýringa á þeirri ráðstöfun sem þar kemur fram og vill fá upplýsingar um í hvaða tilvikum slík staða geti komið upp.

Afstaða PFS

Í viðkomandi málsgrein segir: „PFS telur eðlilegt að Mílu sé einungis heimilt að takmarka aðgang að og notkun á leigulínunum á grundvelli grunnkraftna er varða rekstraröryggi fjarskiptanetsins í neyðartilfellum, samstæði þess og í rökstuddum tilvikum rekstrarsamhæfni þjónustukerfa og verndun gagna, sbr. ákvörðun PFS frá 15. apríl 2005, þar sem Símanum var gert skylt að afgreiða flutningsbeiðnir Og fjarskipta ehf. vegna ADSL þjónustu.“

PFS telur þessa málsgrein í aðgangskvöðinni skýra. Mílu er ekki heimilt að takmarka aðgang að og notkun á leigulínunum nema á grundvelli rökstuddra ástæðna sem varða ofangreindar aðstæður.

Míla gerir athugasemd við málsgreinar 248 – 250 í frumdrögunum þar sem fjallað er um samhýsingu og samnýtingu og um aðgang að lagnaframkvæmdum og rörum Mílu. Míla andmælir þeim áformum PFS að leggja svo víðtæka kvöð á fyrirtækið sem dregur úr hvata til fjárfestingar og því að Míla geti lagt rör með framtíðaruppbyggingu í huga. Ef lögð er kvöð á Mílu að veita aðgengi að rörum eyðileggur það möguleika Mílu á að nýta rörin í framtíðinni. Hvatinn til fjárfestinga verður því lítill sem enginn. Einnig grefur þetta undan nýtingu á tengingum og hækkar einingaverð sem Míla getur boðið því strenglagnir eru fastur kostnaður og ef tengingum fækkar deilist sá kostnaður á færri aðila. Það er því veruleg hætt á að þessi kvöð leiði til þess að Míla geti ekki endurheimt kostnað eða að kostnaður notenda verði verulega hærri en ella. Míla minnir á í því sambandi að verðskrá er undir kvöðum um kostnaðareftirlit.

Afstaða PFS

Eins og fram kemur í mgr. 254 er gert ráð fyrir að um sé að ræða eðlilega og sanngjarna beiði um aðgang hverju sinni sem ekki leiði til umtalsverðrar fjárhagslegrar byrði og því ætti að heyra til undantekninga ef slíkur aðgangur

eyðileggi möguleika Mílu á að nýta hann í eigin þágu í framtíðinni. Jafnframt skal gjald fyrir slíkan aðgang vera kostnaðarviðmiðað og byggja á sögulegum kostnaði Mílu ásamt hæfilegum hagnaði.

PFS leggur áherslu á að ekki er verið að leggja kvöð á Mílu um lagningu röra umfram eigin þarfir heldur um samnýtingu þar sem rör eru ekki fullnýtt. Aukin nýting röra ætti hins vegar að leiða til aukinnar hagkvæmni í rekstri aðgangsnets Mílu þvert á fullyrðingu fyrirtækisins þar um. PFS bendir á að lagning viðbótarröra með umframrýmd skapar óverulegan viðbótarkostnað í heildarkostnaði af lagnaleiðum, s.s. skurðgreftri og frágangi. PFS telur þessa kvöð mjög mikilvæga til að auka samkeppni í uppbyggingu fjarskiptaneta, ekki síst NGA neta. Þá hafa dæmin sannað að Mílu hefur ekki fallist á beiðnir fjarskiptafyrirtækja um slíka samnýtingu á rörum.

Míla gerir athugasemd vegna grein 252 í frumdrögunum um tilkynningafresti vegna jarðvegs- og lagnaframkvæmdir og telur þá kvöð sem þar kemur fram vera mjög víðtæka og íþyngjandi. Oft þurfi að bregðast við aðstæðum með mjög stuttum fyrirvara til að koma til móts við sveitarfélög sem fara út í framkvæmdir með litlum fyrirvara. Einnig sé í mörgum tilvikum um að ræða strenglagnir vegna tilboða fjarskiptafyrirtækja til endanotenda sem ekki munu setta sig við margra mánaða bið eftir úrlausn. Míla krefst þess að PFS útfæri þessa kvöð nánar eða minnki tímafrest í 1 mánuð.

Afstaða PFS

PFS telur árs fyrirvara að öllu jöfnu eðlilegan undirbúningstíma fyrir framkvæmdir af því stigi sem jarðvegsframkvæmdir og lagnavinna (e. Civil Works) er. Það hvernig Míla hefur til þessa hagað áætlanagerð sinni er ekki rök fyrir því að halda sama fyrirkomulagi. Kvaðir á aðila með umtalsverðan markaðsstyrk eru almennt ekki miðaðar við slíkt og verður Míla því að haga áætlanagerð sinni þannig að samræmist kvöðum. PFS telur mjög mikilvægt til að tryggja jafnræði á milli samstæðunnar og ytri aðila að fyrirsjáanleiki varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir og mögulega samnýtingu skurða o.fl. sé fullnægjandi.

Hins vegar gerir PFS sér grein fyrir því að Míla ræður ekki öllum þáttum sem áhrif hafa á tímasetningu framkvæmda. Til að koma að nokkru til móts við Mílu mun PFS breyta umræddu ákvæði þannig að Míla skuli birta lista um fyrirhugaðar framkvæmdir með 6 mánaða fyrirvara. Líta verður á jarðvegsframkvæmd eða lagnavinnu sem ákveðin er og skipulögð með minni fyrirvara sem undantekningu. Komi til slíkrar undantekningar skal Míla að sjálfsögðu gæta jafnræðis gagnvart innri og ytri aðilum.

Míla gerir athugasemd við grein 253 í frumdrögunum um samnýtingu og samhýsingu vegna þeirrar fullyrðingar PFS að samnýting aðstöðu sé sanngjörn og ætti ekki að skapa Mílu verulegar fjárhagsbyrðar og jafnvel verið félaginu til hagsbóta. Ef sú er raunin eru allar líkur á að Míla geri þetta að eigin frumkvæði enda hafi stjórnendur Mílu hagsmuni fyrirtækisins að leiðarljósi. Míla telur að framkvæmd þessa ákvæðis með tilliti til röra geti einmitt skapað Mílu verulegar fjárhagsbyrðar ef rör Mílu eru aðgengileg öðrum án tillits til framtíðarnýtingar Mílu á aðstöðunni. Sú staða geti komið upp að Míla þurfi að veita aðgang að rörum og skömmu síðar leggja ný til eigin nota.

Afstaða PFS

PFS telur að kvöð um að Míla bjóði samhýsingu og samnýtingu eðlilega og sanngjarna þegar um fyrirtæki er að ræða sem er með yfirburðastöðu á viðkomandi markaði þegar litið er til fjölda tenginga og magns í hýsingu og ætti í flestum tilfellum að auka hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins þvert á efasemdir Mílu. Kveðið var á um slíka samnýtingarkvöð í fyrri markaðsgreiningu á umræddum markaði á árinu 2007 og því hefur Míla haft góðan tíma til að aðlaga framkvæmdir sínar að mögulegum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um slíka samnýtingu. Eins og áður segir kostar það ekki mikið aukalega að leggja fjölnota rör.

Vodafone gerir athugasemd við málsgrein 254 í frumdrögunum og telur mikilvægt að tilteknir séu götuskápar og tengibrunnar sem og aðrir sambærilegir innviðir.

Afstaða PFS

PFS nefnir í þessari málsgrein að stofnunin hafi í hyggju að viðhalda kvöð á Mílu þess efnis að félagið skuli bjóða samnýtingu eða samhýsingu varðandi hvers kyns aðstöðu sem fyrirtækið hefur yfir að ráða í tengslum við lúkningarluta leigulína. Síðan eru byggingar, kapalstokkar og rör nefnd sem dæmi. Það að götuskápar og brunnar séu ekki nefndir útilokar ekki að Míla skuli bjóða samnýtingu slíkra innviða komi fram beiðni um slíkt sem er eðlileg og sanngjörn vegna lúkningar leigulínu og hafi ekki í för með sér mikla fjárhagslega byrði fyrir Mílu, eins og nefnt er í málsgreininni.

Míla telur vegna greinar 269 í frumdrögunum í kafla um jafnræðiskvöð að 6 mánuðir séu verulega langur fyrirvari og lengi tíma til vörupróunar verulega. Hér eigi Míla t.d. við þær miklu upplýsingar sem þurfa að fylgja slíkri tilkynningu, t.d. útbreiðsluáætlun og fyrirhugað verð. Míla telur ljóst að þessi kvöð bindi hendur fyrirtækisins og geri því erfitt fyrir að svara samkeppni eða verða við óskum viðskiptavina um nýjar vörur. Hér taki PFS ekkert tillit til stöðunnar eftir sátt samstæðunnar við SE og nægja ætti að Míla gæti jafnræðis í upplýsingagjöf.

Afstaða PFS

Míla lýsir áhyggjum yfir of löngum fresti en gerir ekki tillögu um styttri frest. PFS telur umræddan 6 mánaða frest eðlilegan svo samkeppnisaðilar samstæðunnar í smásölu hafi jafna möguleika til að þróa vörur sínar og tengiskil vegna nýjunga og þróunar í framboði Mílu. PFS minnir á að litið er til framtíðar í greiningum stofnunarinnar og álagningu kvaða og eins og áður hefur komið fram verður fullt tillit ekki tekið til sáttarinnar fyrr en hún hefur haft veruleg áhrif á markaðsaðstæður og þær breytingar kalla á vægari kvaðir. Sú stund er augljóslega ekki runnin upp.

Míla telur vegna greinar 272 og 273 í frumdrögunum að þrír mánuðir séu alltof stuttur frestur til að semja við alla aðila um gæðaviðmið sem ekki sé vitað hvernig eigi að líta út og samræmi eigi tímafresti miðað við fyrirhugaðar breytingar á M4 og M5.
--

Afstaða PFS

Til samræmis við hliðstæðar kvaðir sem lagðar hafa verið á Mílu vegna markaðar 4 og 5 hyggst PFS lengja umræddan frest um gerð samninga um gæðaviðmið og gæðatryggingar úr 3 mánuðum í 6 mánuði.